

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1972.

Til viðbótar við gjöld í 2. gr. fjárlaga 1972 er veitt:

	Þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins að undanskildu Alþingi	5 005
01 Forsætisráðuneytið	16 430
02 Menntamálaráðuneytið	194 197
03 Utanríkisráðuneytið	26 982
04 Landbúnaðarráðuneytið	19 575
05 Sjávarútvegsráðuneytið	35 585
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	267 083
07 Félagsmálaráðuneytið	15 092
09 Fjármálaráðuneytið	40 141
10 Samgönguráðuneytið	651 104
11 Iðnaðarráðuneytið	141 425
12 Viðskiptaráðuneytið	498 662
13 Hagstofa Íslands	52
14 Ríkisendurskoðun	2 942
Samtals	1 914 275

*Gjört í Reykjavík 27. maí 1975.***Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

L Ö G

um Viðlagatryggingu Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Setja skal á fót stofnun, er hafi það hlutverk að tryggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara.

Stofnun þessi nefnist Viðlagatrygging Íslands. Hún skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

Stjórn stofnunarinnar skulu skipa fimm menn. Skulu þrír kosnir af sameinuðu Alþingi, einn valinn af þeim váttryggingarfélagum, sem innheimta iðgjöld, sbr. 3. mgr. 8. gr., en tryggingaráðherra skipar einn og skal hann vera fornaður. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Stjórnarmenn skulu skipaðir til 4 ára í senn.